

Nd. 717. Frumvarp til laga [299. mál]

um jöfnunargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Við innflutning vöru, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamnings Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu (EBE), skal greiða 3% jöfnunargjald í ríkissjóð og gildir það jafnframt um innflutning frá öðrum löndum.

2. gr.

Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal greiða af tollverði innfluttrar vöru og skal innheimt á sama hátt og aðflutningsgjöld og njóta sömu lögverndar og þau gjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og ákvæði laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollefirlit, eftir því sem við á.

3. gr.

Tekjum af jöfnunargjaldi skal ráðstafa í fjárlögum ár hvert að hluta til eflingar iðnþróunar.

Tekjum af gjaldi þessu er til falla árið 1978 skal ráðstafa samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skulu gjaldskyldar skv. 1. gr. svo og um framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lagt verði sérstakt jöfnunargjald á innflutning sömu iðnaðarvara og framleiddar eru hér á landi, til að vega upp á móti þeim söluskatti sem verður hluti framleiðslukostnaðar þessara vara samkvæmt gildandi söluskattslögum.

Við myndun markaðssamstarfs landa V-Evrópu á sjötta áratugnum — Efnahagsbandalags Evrópu og Fríverslunarsamtaka Evrópu — kom fljótlega í ljós að hin mismunandi kerfi söluskatta þessara landa röskuðu að ýmsu leyti samkeppnisaðstöðu framleiðslugreina þessara landa eftir því hvaða skattkerfi var í gildi. Var það talið virka sem hemill á þá fríverslun sem stefnt var að. Í sumum löndum var innheimtur svonefndur fjölstigasöluskattur er lagðist á heildsöluverð á hverju viðskiptastigi og gat því lagst oft á sömu vöruna á leið hennar um hin ýmsu viðskiptastig frá framleiðanda til hins endanlega kaupanda. Í öðrum löndum var innheimtur svonefndur einstígs söluskattur en hann er krafinn aðeins á einu viðskiptastigi, t. d. heildsölustigi eða smásölustigi. Söluskattur á Íslandi er almennt bundinn við síðasta stig viðskipta og er því einstígs söluskaður þótt frá þeirri meginreglu séu nokkrar undantekningar. Í enn öðrum löndum var í gildi svonefndur virðisaukaskattur. Hann er fjölstigaskattur, er greiddist á hverju viðskiptastigi, en við skil á skatti þessum til ríkissjóðs má fyrirtæki draga frá álögðum skatti af heildarsölu þann skatt sem það hefur greitt við kaup á vörum og hverskonar aðföngum til framleiðslunnar.

Til þess að koma í veg fyrir að þessi mismunandi skattkerfi röskuðu innbyrðis samkeppnisaðstöðu aðildarlandanna var fljótlega hafist handa um að samræma söluskattkerfin. Má nú heita að öll aðildarlönd Efnahagsbandalagsins og Fríverslunarsamtakanna (að Finnlandi og Íslandi undanskildum) hafi samræmt söluskattkerfi sín með því að taka upp virðisaukaskatt.

Það skattkerfi felur í sér m. a., að engin skattur er innifalinn í verði útfluttrar vöru og þjónustu, þar sem uppsöfnunaráhrifa gætir ekki frá virðisaukaskattkerfi.

Samkeppnisaðstaða framleiðenda er búa við svo ólík söluskaðskerfi er því að þessu leyti ójöfn. En jafna á stöðu íslenska framleiðandans verður því að endurgreiða honum þann söluskatt sem innifalinn er í útflutningsverði. Ákveðið hefur verið að endurgreiða á árinu 1978 uppsafnaðan söluskatt af útflutningsvörum samkeppnisiðnaðar á árinu 1977.

Við núverandi söluskattkerfi uppsafnast söluskattur einnig á margvíslega framleiðslustarfsemi og þjónustu fyrir innlendan markað. Þegar hliðstæð vara er flutt inn frá landi, þar sem virðisaukaskattkerfi gildir, þá flyst hún inn í landið án uppsöfnunaráhrifa söluskatts og er að því leyti betur samkeppnisfær í verði en innlenda varan. Ef jafna ætti samkeppnisaðstöðu vara þessara hér á innlendum markaði hvað söluskattsáhrif á verð snertir verður að leggja gjald á innfluttu vöruna, er svarar til þess uppsafnaða söluskatts, sem falinn er í verði innlendu vörunnar.

Í greinargerð nefndar fjármálaráðuneytisins dags. 11. maí 1975 um virðisaukaskatt er fjallað nokkuð ítarlega um þá uppsöfnun sem á sér stað á söluskatti hér á landi og áhrif hennar á samkeppnisaðstöðu. Í álitinu segir m. a., bls. 24.:

„ Uppsöfnunaráhrifin valda ófyrirsjáanlegri mismunun í samkeppnisaðstöðu hinna ýmsu atvinnugreina og framleiðsluaðferða. Þau geia þar með haft áhrif á val neytenda á neyslivörum og þau hafa tilviljunarkennd áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra framleiðsluvara bæði á erlendum og innlendum markaði í samkeppni við erlendis framleiddar vörur. . . .“

Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar „Hagur iðnaðar“ frá febrúar 1977 segir m. a. á bls. 55, að sú hækkun óbeinna skatta, annarra en tolla, sem orðið hefur á undanförunum árum, hafi vegna uppsöfnunar þessar gjalda í framleiðslukostnaði iðnaðar valdið nokkurri verndarröskun án þess að til væri ætlast.

Þrátt fyrir breytingar á sölugjaldi á vélum og ýmsar lagfæringar, sem átt hafa sér stað síðan á árinu 1975, hefur uppsöfnun söluskatts ekki breyst svo teljandi sé. Fer hér á eftir samanburður á uppsöfnuðum söluskatti sem % af heildarrekstrar-gjöldum eins og hann var á árinu 1975 og útreikningum Þjóðhagsstofnunar frá 10. október 1977.

Uppsafnaður söluskattur sem % af heildarrekkstrargjöldum.

	Nefndarálit 11. maí 1975			Þjóðhagsstofnun 10. okt. 1977		
	Beinn sölusk.	Óbeinn sölusk.	Sölusk. samtals	Beinn sölusk.	Óbeinn sölusk.	Sölusk. samtals
Útflutningsiðnaður	2.0	1.5	3.5	2.0	1.6	3.6
Vörugreinar, heima- markaðsiðnaður	1.8	1.1	2.9	1.6	1.1	2.7
Viðgerðargreinar	1.3	0.6	1.9	1.1	0.6	1.6

Til þess að bæta iðnaðinum þáð óhagræði sem hlýst af uppsöfnun söluskatts í framleiðslu fyrir innlendan markað gerir frumvarp þetta því ráð fyrir að lagt verði á innfluttar samkeppnisvörur jöfnunargjald.

Leggja ber áherslu á, að álagning þessa gjalds er tímabundin ráðstöfun þar sem við upptöku virðisaukaskatts félli gjaldið niður vegna þess að uppsöfnunarhrifum yrði þar með eytt. Með álagningu þessa gjalds er ekki talið að farið sé út fyrir þau takmörk sem aðildarsamningur Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samningur við Efnahagsbandalag Evrópu setur okkur, svo framarlega sem gjaldið er ekki hlutfallslega hærra en nemur þeim kostnaðarauka sem uppsöfnun söluskatts nú veldur í verði innlendra vöru. Raunar gildir þessi viðmiðun fyrir hvern einstakan vöruflokk en vegna þess hve álagning mishárri gjalda eftir vöruflokkum er þung í vöfum þykir sú leið vænlegust að miða við eina jafna prósentu.

Miðað við álagningu 3% jöfnunargjaldsins nema tekjur af því um 675 milljónum króna á árinu 1978 en um 1080 milljónum króna á ársgrundvelli. Við tekjuáætlun er gert ráð fyrir að ákveðnir vöruflokkar verði undanþegnir gjaldinu, svo sem skip, veiðarfæri og áburður. Um álagningu gjaldsins og gjaldskyldan innflutning yrði nánar kveðið á um í reglugerð.

Þegar haft er í huga m. a. að eftir tvö ár verður tollvernd íslensks iðnaðar burtu fallin verður að telja eðlilegt að verja hluta af tekjum, er til falla af jöfnunargjaldi, í þágu iðnaðarins og þá sérstaklega til að tryggja að útflytjendur iðnaðarvara þurfi eigi að verðleggja vöru sína með hliðsjón af þeim söluskatti er orðið hefur hluti af framleiðslukostnaði vörunnar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að jöfnunargjald verði lagt á þær vörur, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samkvæmt ákvæðum samnings milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Jöfnunargjald skal ekki innheimt af innflutningi sem var tollfrjálst fyrir inngöngu Íslands í EFTA, t. d. af skipum og veiðarfærum.

Um 2. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að jöfnunargjaldið verði greitt af tollverði innfluttrar vöru og verði innheimt á sama hátt og aðflutningsgjöld og njóti sömu lögverndar og þau gjöld.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að tekjum af jöfnunargjaldi verði að hluta til varið til eflingar iðnþróunar eftir því sem ákveðið verður með setningu fjárlaga hverju sinni. Lagt er til að ríkisstjórnin ráðstafi því fé er innheimtist árið 1978 og mun því fyrst og fremst varið til þeirra viðfangsefna á sviði iðnaðar sem upp eru talin í fjárlögum fyrir árið 1978.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, en m. a. þarf að birta skrá yfir öll þau tollskrárnúmer er ná til gjaldskyldrar vöru.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi og gildi til loka árs 1980. Gildistími þessi er við það miðaður, að sett verði lög um virðisaukaskatt í stað núverandi sölu-skattslaga og öðlist þau lög gildi í byrjun árs 1981.